




Skipulagsstofnun

Mött.: 18 júní 2025

Mál nr.

2024/11.04.0



## AÐALSKIPULAG RANGÁRPINGS YTRA 2016-2028

Vþ36 Stekkatún – stækkun svæðis og aukið byggingarmagn

17.12.2024

Br. 24.03.2025





## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 14.5.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 19. júní 2025



Hans Þorsteinsson

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 13.11.2024 með athugasemdafresti til: 28.11.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 31.01.2025 með athugasemdafresti til: 19.03.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_.

## AÐALSKIPULAGSBREYTING

### SKJALALÝKILL

109765-GRG-001-V03

### HÖFUNDUR

MS

### RÝNT

BRE

**EFNISYFIRLIT**

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	5
3	TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.1.1	Samræmi aðalskipulagsbreytingar við landsskipulagsstefnu	6
3.2	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	6
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	7
3.4	Deiliskipulag	8
3.4.1	Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi skipulag	8
3.5	Fornminjar	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
4.1	Breyting á uppdrætti	9
4.2	Breyting á greinargerð	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Tengsl við aðrar áætlanir	10
5.2	Umhverfisþættir og áherslur	10
5.3	Valkostir	11
5.4	Mat á umhverfisáhrifum	11
5.4.1	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6.1	Umsagnaraðilar	13
6.2	Skipulagsferli	13

## 1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin nær til Stekkatúns 1 (landnr. 165446) sem er 44 ha að stærð skv. ská HMS. Hluti lands er þegar skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði Vþ36 í gildandi aðalskipulagi og kemur stækkan bess til með að vera inn á landbúnaðarland.

Fyrirhugað er að stækka verslunar- og þjónustusvæðið úr 6,7 ha í 12,6 ha. Hámarks byggingarmagn innan þjónustusvæðis eykst úr 510 m<sup>2</sup> yfir í allt að 1200 m<sup>2</sup> og fjöldi gesta eykst úr 45 í 54. Megin uppbygging verða gestahús/litlar hvelfingar þar sem gestir geti notið næturhimins og norðurljósa, ásamt góðri gistipjónustu.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að breytingu deiliskipulags fyrir svæðið. Gildandi deiliskipulag fyrir *Ægissíða, Stekkatún*, var staðfest í B-deild stjórnavtíðinda þann 2. október 2024.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsskilmálum ásamt skipulagsuppdrætti.


## 2 FORSENDUR OG STADHÆTTIR

Innan hluta Stekkatúns 1 er nú þegar heimiluð þjónusta við ferðamenn þar sem gert er ráð fyrir allt að 12 gistihvelfingum ásamt þjónustuhúsum í kringum það. Áform landeigenda er að fjölgja gistirýmum og bæta við þjónusturýmum í kringum stækkunina. Skipulagslysing fyrir fyrirhugaða stækkan var til kynningar frá 13.11.2024 til 28.11.2024. Upphaflega var gert ráð fyrir stækkan verslunar- og þjónustusvæðis yrði upp í 44 ha með allt að 55 gistihvelfingum og hámarksbyggingarmagn allt að 1600 m<sup>2</sup>.

Í samræmi við Landsskipulagsstefnu, stefnu sveitarfélagsins um vernd landbúnaðarlands og 5. gr. jarðlag nr. 81/2004 hefur umfang uppbyggingar minnkað talsvert. Fyrirhuguð breyting gerir nú ráð fyrir að Vþ36 stækki úr 6,7 í 12,6 ha með allt að 27 litlum hvelfingum/gestahúsum ásamt þjónustuhúsum, gufuböð og sturtur og starfsmannaðstöðu. Heildarbyggingarmagn verður allt að 1200 m<sup>2</sup> innan skipulagssvæðisins.

Umræddar gistihvelfingar eru úr plasti með timbur botni sem hægt er að fjarlægja með lítilli fyrirhöfn og endurheimta nothæft landbúnaðarland ef þess er þörf. Með auknum gestafjölda er þörf á hreinsivirkri fráveitu sem meðhöndlars meira en 50 persónueiningar og er því starfsleyfisskyld starfsemi sbr. 49 tölulið í 49 viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 2.1 Staðhættir



**MYND 1.** Gróf mörk skipulagssvæðis með fyrirhugaðri stækkun. Mynd frá Google maps.

Ægissíða er staðsett við bakka Ytri-Rangár, skammt vestan við Hellu. Aðkoma að skipulagssvæðinu er af þykkvabæjarvegi nr. 25. Unnið er að útfærslu á vegtengingu í samráði við Vegagerðina. Nánari útfærsla verður tilgreind í deiliskipulagi.

Skipulagssvæðið er grasi gróið og samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ (Náttúrufræðistofnun Íslands) er að finna tún og akurlendi og rétt ofan við er starungsmýravist á svæðinu, en starungsmýravist hefur mjög hátt verndargildi skv. lista Bernarsamningsins frá 2014. Fyrirhuguð uppbygging er allfarið innan túna.

Einnig er VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi innan skipulagssvæðis, líkt og á nær öllu Suðurlandi. Svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar svo sem hverfisverndar eða vatnsverndar.

## 3 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR

### 3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálandi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um *vernd umhverfis og náttúru*. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera að leiðarljósi í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *væld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og eflí atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

### 3.1.1 Samræmi aðalskipulagsbreytingar við landsskipulagsstefnu

Breytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu um að uppbygging ferðaþjónustu byggist upp með tilliti til þolmarka innviða og samfélags í sveitarfélagini er varðar yfirbragð og gæði byggðar sem aðráttarafl ferðamanna.

## 3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.


Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í sveitarfélagini en eftirfarandi stefna gildir um notkun **landbúnaðarlands**:

- Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein og leitað verði leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði stuðlað að uppbyggingu í dreifbýli sem m.a. styrkir rekstur núverandi veitu- og dreifikerfa.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt er að byggja stök frístundarhús og íbúðarhús og tengdar byggingar til frístundabúskapar á rúnum landspildum.

Í kafla 2.3.4 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um **verslunar- og þjónustusvæði**:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflid, afþreyingarmöguleikum fjölgarð til að fylgja atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðarlagið. Dregið verður úr á lagi af völdum ferðamanna þar sem þess er þörf.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingajöf.



**MYND 2.** Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.

### 3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar. Rangárþing ytra vinnur eftir þeirri stefnu á allar opinberar áætlanir á vegum sveitarfélagsins, s.s. vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Á skipulagsstigi þarf að liggja fyrir hvort gera þurfi áhrifamat fyrir tilteikna framkvæmd eða starfsemi sem getur haft áhrif á vatn. Unnið er eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og Stjórn vatnamála um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Landeyjar 103-252-G<sup>2</sup> og straumvatnshlotið Ytri-Rangá 1 103-629-R<sup>3</sup> og er núverandi ástand þess beggja óþekkt en ætla má að flest yfirborðsvatnshlot sem eru

<sup>1</sup> <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

<sup>2</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-252-G>

<sup>3</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-629-R>

náttúruleg og án álags séu í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

### **3.4 Deiliskipulag**

Landmótun vann deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið sem auglýst var frá 6. mars 2023 til 24. maí 2023. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingareit fyrir allt að 12 kúluhús, eða plastkúlur sem eru um  $15\text{ m}^2$  að grunnfleti og allt að 3 m að hæð. Einnig er skilgreindur byggingarreitur fyrir þjónustuhús, allt að  $330\text{ m}^2$  að stærð og  $3,5\text{ m}$  mænishæð. Innan svæðis eru eldri hús sem nýtt verða áfram. Um er að ræða bogaskemmu ( $156\text{ m}^2$ ) sem nýtt verður undir kalda geymslu og vinnuskúr ( $20\text{ m}^2$ ) sem nýttur verðir fyrir inntak og sem starfsmannaðstaða. Áhersla er lögð á að staðsetning húsa og hönnun þeirra sé heilsteypa og samræmist vel. Mannvirki skulu takmarka sem minnst útsýni frá öðrum byggingum. Svæðið tengist Rangárveitum og gert er ráð fyrir að skolp verði leitt í rotþrær.

Unnið verður að deiliskipulagsbreytingu samhliða breytingu aðalskipulags þar sem byggingarheimildir kúluhúsa eykst og nánar verður gert grein fyrir fráveitu í samræmi við aukin fjölda gesta. Farið verður eftir reglugerðum um fráveitu og skólp nr. 789/1999.

#### **3.4.1 Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi skipulag**

Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulags þar sem verið er að stuðla að nýjum atvinnutækifærum og eflingu ferðabjónustu innan sveitarfélagsins.

### **3.5 Fornminjar**

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Innan skipulagssvæðis eru heimildir um minjar/túngrarð, skrásett RA-419:006 sem nú hefur verið jafnaður út að hluta. Ekki hafa verið skráðar á stækkun skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er  $15\text{ m}$  skv. 22. gr. laganna.

## 4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breyting er gerð á uppdrætti sveitarfélags og greinargerð aðalskipulagsins.

### 4.1 Breyting á uppdrætti

Vþ36 er stækkað úr 6,7 ha yfir í 12,6 ha.

### 4.2 Breyting á greinargerð

**TAFLA.** Tafla í kafla 2.3.4 fyrir breytingu:

NR	HEITI SVÆDIS	LÝSING	FJÖLDI GISTIPLÁSSA	FJÖLDI GISTIPLÁSSA HEIMILD
Vþ36	Stekkatún	Heimilt er að byggja starfsemi tengda ferðaþjónustu. Heildarbyggingarmagn er allt að 510 m <sup>2</sup> . Stærð skipulagssvæðis er 6,7 ha.	0	45

**TAFLA.** Tafla í kafla 2.3.4 eftir breytingu:

NR	HEITI SVÆDIS	LÝSING	FJÖLDI GISTIPLÁSSA	FJÖLDI GISTIPLÁSSA HEIMILD
Vþ36	Stekkatún	Heimilt er að byggja starfsemi tengda ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir allt að 27 hvelfingum ásamt þjónustuhúsum, gufubóðum og sturtum og starfsmannaðstöðu. Heildarbyggingarmagn er allt að 1200 m <sup>2</sup> . Fráveita verður nánar útfærð í deiliskipulagi í samræmi við gestafjölða. Stærð skipulagssvæðis er 12,6 ha.	0	54

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

### 5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 3.

### 5.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginþurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfispætt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjolum.

**TAFLA 1.** Umhverfispættir, viðmið og matssþurningar.

UMHVERFISPÆTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Asýnd og sjónræn áhrif.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Við uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðis verði gætt að samræmi í últíti bygginga og lögð áhersla á að mannvirkji falli sem best að landslagi.</li><li>Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.</li></ul> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarryma eflí þau gæði sem felast í menningarlandslagi.</li><li>Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.</li></ul>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
<b>Loftslagsmál</b> <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li></ul> <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
<b>Náttúrufar</b> <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Gott landbúnaðarland skal áfram vera notað sem slíkt.</li></ul> <i>Vistgerðakortlagning Ní.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>VOT-S-3 mikilvægt fuglaverndunarsvæði</li></ul> <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegar fjölbreytni.</li></ul>	
<b>Grunnvatn</b> <i>Vatnsvernd.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"><li>Öll mannvirkji skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.</li></ul>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öruggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.</li> </ul> <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstófunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul> <p><i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i></p> <p><i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i></p>	
<b>Samfélag</b> <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Íbúar.</i> <i>Hávaði</i>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja ferðaþjónustu og auka gistirými á svæðinu í samræmi við fjölgun ferðamanna.</li> <li>Stuðla skal að nýjum atvinnutækifærum.</li> </ul> <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.</li> <li>Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.</li> </ul> <p><i>Stefnurammi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Markmið um sjálfbæra þróun greinarinnar með arðsamri og samkeppnishæfni ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð.</li> </ul> <p><i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i></p>	<p>Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifær?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á íbúa á nærliggjandi löðum?</p>
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	<p><i>Aðalskráning fornminja.</i></p> <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.</li> </ul> <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu liffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

### 5.3 Valkostir

Í aðalskipulagi verður hugmyndir um breytt aðalskipulag borin saman við stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur). Í kafla 2 hefur verið greint frá breytingum á völdum valkosti.

### 5.4 Mat á umhverfisáhrifum

#### BREYTT SKIPULAG

**Áhrif á land og landslag er metin óveruleg.** Uppbygging mannvirkja kemur óhjákvæmilega til með að breyta ásynd svæðis að einhverju leyti. Hinsvegar er umfang mannvirkja lítið og munu þau falla að að landi. Óliklegt er að ásýnd af gistihvelfungunum verði áberandi frá Þykkvabæjarveg. Áfram er haldið í dreifbýlisfirbragð með lágreistum húsum sem einkennir sveitarfélagið. Hægt er að fjarlægja byggingar og endurheimta landbúnaðarland sé þess þörf. Áfram verður hægt að stunda landbúnað á nærliggjandi jörðum.

**Áhrif á loftlagsmál eru metin óveruleg.** Umferð kemur til með að aukast með fjölgun ferðamanna og getur útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist á meðan framkvæmdum stendur. Ekki er talið líklegt að umrædd breyting hafi afgerandi áhrif á loftslagsmál.

**Áhrif á náttúrufar er metin neikvæð/óveruleg.** Gróðurhula kemur til með að raskast við frekari uppbyggingu á gistihvelfingum en mögulegt er að graða svæðið upp aftur. Byggingarreitir þjónustuhúsa koma til með að vera staðsettir nálægt núverandi byggingum. Stækkun á verslunar- og þjónustusvæðinu hefur dregist saman frá fyrstu áformum og er allfarið utan vistgerða sem njóta verndar sem dregur úr óþarfa raski og mögulegum áhrifum á fuglalíf.

**Áhrif á grunnvatn er metin óveruleg.** Ekki er talin þörf á áhrifamati á vatnshlot vegna fyrirhugaða framkvæmda. Ekki er fyrirhugað að fara í vatnstöku innan svæðis og gengið verður frá hreinsivirkí í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og í samræmi við viðeigandi reglugerðir.

**Áhrif á samfélag eru metin óveruleg/jákvæð.** Stuðla er að auknum atvinnumöguleikum við uppbyggingu á ferðaþjónustu og framboð af þjónustu við ferðafolk eykst. Mögulegt er að íbúar verði fyrir ónæði af aukinni umferð með tilheyrandí hávaða en svæðið er staðsett nálægt þéttbýlinu á Hellu og fyrir eru önnur skipulögð verslunar- og þjónustusvæði við þykkvabærarveg.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg.** Fyrir eru leifar af minjum sem jafnaðar hafa verið út að hluta.

## GILDANDI SKIPULAG

**Áhrif á land og landslag, loftlagsmál, náttúrufar og heilnæmt umhverfi er óveruleg.** Engin breyting, áfram verður ferðaþjónusta á hluta svæðisins og rest jarðarinnar landbúnaðarsvæði.

**Áhrif á samfélag er óveruleg.** Engin breyting, áfram verður gisting í núverandi 12 kúluhúsum.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg.** Fyrir eru leifar af minjum sem jafnaðar hafa verið út að hluta.

### 5.4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur jákvætt að dregið hafi verið úr umfangi á fyrirhugaðar uppbyggingu frá tillögu sem kynnt var í Skipulagslýsingu breytingarinnar, m.a. til að koma til móts við athugasemdir sem bárust á kynningartíma tillögunnar. Útfærsla á tillögu hefur minnkað með tilliti til útbreiðslu vistgerða og er allfarið innan túnsvæða, ásamt því að draga úr ásýndaráhrifum uppbygginingarinnar og truflunar við nágranna jarðir. Nánar verður gert grein fyrir fráveitu og uppbyggingu mannvirkja í deiliskipulagi til að tryggja að uppbygging falli vel að núverandi byggð. Svæðið er vel staðsett hvað varðar tengingar við helstu vegin og veitur sveitarfélagsins.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt í nóvember 2024. Umsagnir bárust frá Milu, Umhverfisstofnun, Veitum, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landsneti og Skipulagsstofnun.

### 6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:


- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

### 6.2 Skipulagsferli




# Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Sveitarfélagsuppráttur - Stekkatún



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



0 0,5 1 2 km

- Svæði sem breytingin nær til
- Sveitarfelagamörk
- Þéttbýlismörk
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistóku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Flugvellar
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slöðar
- Gönguleið
- Reiðleið
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Hæspennulína 132-220 kV
- Rafstrekur
- Vatnsveita
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Landeignaskrá
- Á, lækur

- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði



Breyting - aðalskipulags  
Stekkatún

Verk: 109765  
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4  
Rýnt: IS

Mælivarði: 1:50.000  
Breytt dags:

Dags: 13.01.2025